Ed.

632. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Sóda, krít, eldfastur leir, karbíd, bensín, þakhellur (Skifer) og smjörsalt.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Allskonar skepnufóður, segldúkur og tilbúin segl, seglgarn, allskonar netagarn, strigi, lausar umbúðir, ullarsekkir, fljettuvoðir til umbúða (mottur), strigaábreiður (hvort sem þær eru tjargaðar, farfaðar eða eigi), vjelaáburðar, húsapappi, allskonar kaðlar, allskonar færi og fiskinet, kork, netakúlur og flotholt, hjólklafar (blakkir), saumur, ljáblöð, brýni, hverfisteinar, járnkarlar, sleggjur, steðjar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, spaðar, kvíslar, bátavjelar (mótorar), akkeri og akkerisfestar, kokolit, járnbitar til húsagerðar, ofnar, eldavjelar, járnpípur, járnbrautarteinar og spengur, rær og gaddar til járnbrautargerðar, gips, hefilspænir og sag, oliufatnaður, gólfdúkar (linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður) tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kílógr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar taldir bátar.

Sjötti liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir: Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílógr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, eða í svo löguðum umbúðum, að tegund vörunnar verður eigi greind, nema hún sje tekin úr umbúðum.

Pappír skal undanþeginn vörutolli, ennfremur tilbúin áburðarefni, leirpípur, sandur til járnsteypu, skip og bátar, sem siglt er til landsins.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.